



Frá skátamóti.

Haustmót Birkibeina

6. HAUSTMÓT Birkibeina verður haldið dagana 8.—10. ágúst n.k. í Borgarvík við Úlfliótsvatn.

Tilgangur mótsins er að stuðla að kynningu milli skáta innbyrðis, pílta og stúllkna, öldunga og ungmenna. Í samræmi við framangreint voru einkunnarorð mótsins valin 10. grein skátalaganna: Allir skátar eru góðir lagsmenn Þjólbreytt dagskrá verður allan mótstímann og má t.d. nefna bátsferðir um vatnið, kvöldvöku dróttskáta og reiptog milli allra mótsgesta.

Ferðir verða frá Umferðamiðstöðinni kl. 19.00 á fimmtudag, kl. 20.00 á föstudag og kl. 14.00 á laugardag. Nánari upplýsingar fást í Skátabúðinni.

— NIXON

Framhald af bls. 1

seðinn máli sínu með því að segja á rúmensku „Lengi lifi vínátta Rúmeníu og Bandaríkjaanna“. Var honum þá fagnað lengi og ákaft.

Tugir þúsunda verkafólks og óbreyttra borgara voru meðfram leiðinni frá flugvælinum til borgarinnar og hafði öllum verið gefið fri í tilefni dagsins og stórar vörubílfreiðar og strætisvagnar flutu fólk frá verksmiðjum og öðrum vinnustöðum. Veifaði fólkíð bandarískum og rúmenskum fánam og hrópaði fagnandi er forsetarnir öku framhjá. Búka rest skartaði sínu fegursta í dag og eru allir borgarar í hátiðaskapi. Nixon og Ceausescu hófu síðan viðræður sínar um kl. 15.30 að ísl. tíma en á morgun munu þeir aftur ræðast við, áður en Nixon fer þaðan skömmu eftir hádegi áleiðis til Lundúna.

Lítið var sagt um heimsóknina í öðrum kommúnistaríkjum og sagði útvarpið í Prag frá henni í hádegisfréttum með tveimur setningum. Rúmensk blöð eru í dag nær eingöngu helguð Nixon og heimsókn hans og flest skrifa þau langar og vinsamlegar forystugreinar um Bandaríkin.

— HÚSAFELL

Framhald af bls. 28

allir bátar á sjó í gær og á morgun verður alls staðar unnið og verzlarnir verða opnar. En um næstu helgi taka aftur á móti allir Vestmannaeyingar sér fri,

því að þá verður þjóðhátíðin fræga í Herjólfssdal.

Á öllum samkomustöðum og á vegum úti er haldið uppi mjög umfangsmikilli löggæzlu og í gær var þyrta Slysavarnafélagsins m.a. við umferðargæzlu í Borgarfirði.

DANSLEIKUR KL. 21

Þórscafé

OPIÐ Á HVERJU KVÖLDI

ÞÓRSCAFÉ opnar á þriðjudag 5. ágúst.

Hljómsveitin HAUKAR leika.

Söngvarar VILHJÁLMUR og HELGA.



Ævintýri

í TÓNABÆ í dag kl. 3—6.

Aðgangur kr. 50.—

Opið hús í kvöld

kl. 8—11.

DISKÓTEK — LEIKTÆKI.

Munið nafnskrteinin.



TÓNABÆR

OPIÐ MÁNUDAG.

ÆVINTÝRI

leika frá kl. 9—1. — 15 ára og eldri.



— TUNGLIÐ

Framhald af bls. 1

þeim ekki tekizt að miða endurvarpinn rétt út.

Armstrong, Aldrin og Collins héldu í dag áfram, að vinna að skýrslu sinni um tunglferðina. Í gær bættust tveir tæknimenn í hóp þeirra, sem eru í einangrun með tunglförum og eru nú alls 19 manns í einangrunarbyggingunni.

Tæknimennirnir tveir, Ronald J. Buffum og Geroge Williams, voru settir í einangrun eftir að gat hafði komið á hanzka, sem þeir voru að rannsaka tunglgrjótið með. Þegar hanzkarnir rifnuðu lak örllítið loft inn í lofttoma herbengið, þar sem tunglgrjótið er geymt, en mestur hluti grjótsins var í loftþéttum lokuðum kössum og aðeins fáir steinar komust í snertingu við andrúmsloftið.

— LÝÐRÆÐI

Framhald af bls. 14

elkji vera úr hópi þingmanna. Vegna þessa er litil samræming milli framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins, og þingfundir enda oft í orðastalki, hávaða og hrópum. — Margir þeirra, sem sæti eiga á þinginu eru ómenntaðir og hafa enga nasasjón af lögum. Af því leiðir, að þingið hefur ekki komið miklu í framkvæmd frá því að það kom saman í fyrsta sinn fyrir fimn árum.

Robert G. Neumann, sendiherra Bandaríkjaanna í Katbul og fyrrverandi prófessor í stjórnmisindum við Kaliforníuháskóla, segir, að þrátt fyrir allt, sé athyglisvert hve vel Afghönnum hafi tekizt að aðlaga sig hinum nýju stjórnháttum. „Fimm ár eru allt of stuttur tími fyrir lýðræði að festa rætur,“ segir hann, „gera má ráð fyrir hundrað árum.“

Þótt íhaldssamir Afghamar lýsi óánægju sinni með nýja stjórnarmisindum og telji, að allt hafi gengið betur undir einræðisstjórn, er andstaðan gegn lýðræðinu ekki öflug. Herinn styður konunginn í viðleitni hans til að vernda stjórnarskrána. Ættlingjar konungs syrgja að vísu valdamissinn, en þeir eru sundraðir innbyrðis og lýðræðinu er ekki talin stafa hætta af þeim.

Á sviði alþjóðamála hefur Afghamistan lýst yfir hlutleysi og sambúð landsins við Sovétríkin, Bandaríkin og jafnvel Kína má kallast góð.

— PÁFI

Framhald af bls. 1

margir kristnir píslarvottar, bæði kaþólskir og mótmælendur, létu lífið á síðustu öld. Skammt frá þeim stað stendur yfir kirkjubygging. Hélt páfi þangað með fylgdarliði sínu og vígði altari kirkjunnar, sem stóð á auðu sementsgólfinu í miðri byggingunni. Mikill mannfjöldi fylgdist með vígsluathöfninni. Kirkjan er byggð til minningar um píslarvottana og í vigsluræðu sinni sagði páfi m.a., að með vígslu altarisins vildi hann votta virðingu sína öllum kristnum mönnum, sem látið hefðu lífið í nafni trúar sinnar bæði í Afríku og annars staðar í heiminum.

GLAUMBÆR



TILVERA

og

Haukar

ásamt gesti kvöldsins söngkonunni

Jackie

Day



MÁNUDAGUR — Frídagur Verzlunarmanna.

TILVERA, HAUKAR OG JACKIE DAY

OPIÐ TIL KL. 1.

GLAUMBÆR sími 11777